

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt nýja deiliskipulagsáætlun sem hér segir:

*Suður-Reykir, Reykjabúið.*

Nýtt deiliskipulag sem fékk meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga. Í deiliskipulaginu felst að á 2 ha svæði er heimilt að reisa byggingar fyrir búrekstur með alifugla að hámarki 10.000 stæði. Um er að ræða endurnýjun á húsakosti bús sem er í rekstri. Gert er ráð fyrir fimm byggingarreitum og hámarkshæð bygginga á bilinu 4,5 – 7 m. Nýtingarhlutfall á lóð er 0,45. Gert er ráð fyrir 2,5 m hárrí jarðvegsmön meðfram Bjargsvegi og jafnframt verður bætt við einni tengingu við lóðina. Skipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 23. nóvember 2016.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 16. janúar 2017,*

**Ólafur Melsted** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2017